



Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um þingsál.tillögu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa að beiðni stjórnvalda tekið þátt í vinnu að sóknaráætlun allt frá því um mitt ár 2009. Ríkisstjórnin sendi þann 24. júlí 2009 frá sér yfirlýsingu um að hún hafi samþykkt að unnið verði að 20/20 sóknaráætlun. Það vekur athygli að þegar vinna við áætlunina hefur staðið yfir í u.þ.b. 8 mánuði sé lögð fram tillaga í þinginu um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land.

Samtök atvinnulífsins leggja ekki mat á efni þingályktunartillögunar sem virðist metnaðarfull en algerlega skortir mælanleg markmið sem stefnt er að með þessari víðtæku áætlanagerð og myndi gefa henni meira gildi. Markvissari nálgun sem miðar að auknum hagvexti og endurreisn alþjóðlegrar samkeppnishæfni Íslands er æskilegri. Má í því sambandi m.a. vísa til sóknaráætlunar ESB, Europe 2020 (Smart, sustainable and inclusive growth), sem er nú í undirbúningi og verður væntanlega samþykkt innan skamms, sbr. <http://ec.europa.eu/eu2020/>.

SA vekja einnig athygli Alþingis á aðgerðaáætlun samtakanna sem birt var í febrúar undir yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla“ en þar er að finna markmið og leiðir til að skapa ný störf og endurheimta fyrri lífskjör þjóðarinnar. Aðgerðaáætlunina má finna á vef Samtaka atvinnulífsins undir slóðinni: <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/4754/>

Virðingarfyllt

Pétur Reimarsson